

LJOMANDI FALLEGAR SILKIPJOTLAR
til að búa til er rúmabreitur —
"Crazy Patchwork."—Stórt úr-
val af stórum silki-afklippum,
hentugar í ábreiður, koddar, sess-
ur og fl.—Stór "pakki" á 25c,
fimm fyrir \$1.
PEOPLE'S SPECIALTIES CO.
Dept. 23, P.O. Box 1836
WINNIPEG

World

**Branston
Violet-Ray
Generators**
Skrifst eftir baklingi "B" og
verðlista.
Lush-Burke Electric Ltd.
315 Donald St. Phone Main 5009
Winnipeg

1. ARGANGUR

WINNIPEG, MANITOBA, 30. APRIL, 1918

NUMER 12

Walter Ellert Jóhannsson



Þessi mynd sem hér birtist er af ungum Íslendingi og mjög efnilegum sem var að fara í stríðið.

Walter Ellert Jóhannsson er fæddur í Winnipeg 23. ágúst 1897. Foreldrar hans eru Guðmundur Jóhannsson og Sigurlaug Ástríðsdóttir kona hans. Guðmundur er frá Raubakel á Íslandi og er hjólafréttir Magnús Smith, taffelþessi, og hann bræðrasynir. Sigurlaug er ættuð úr Blönduhlíð í Skagafirði; hafa þau verið hér vestra fast að þrjátíu árum og alfar í Winnipeg þangað til nú að þau eru nýflutt norður til Gímlí. Ellert er myndar þittur að öllu leyti; greindur og vel gefinn; hefur hann stundað hljómfæðis af mikilli elju og með svo góðum árangri að hann er talinn flestum fremri í þeirri grein. Er hann einn hinna mörgu lærisveina Jónasar Pálssonar og telur Jónas hann standa mjög framarlega. Eftir að Ellert fór frá honum hélt hann áfram námi hjá enskum og þeirskum hljómfæðingum; hann tók í Fort Garry flokknum þangað til hann innritaðist í herinn 9. janúar, 1918.

Þegar hann tók síðasta hljómfæðis próf var hann sá eini af 80 nemendum sem stóðst það með lofi. Komu Ellert aftur úr stríðinu heill á háfi, sem vonandi er, ná þess vanti að hann eigi fyrir sér langa ævi og mikild starf á sviði hljómfæðinnar.

Afritan hans nú er:

Pte. W. E. Jóhannsson,
2379544, 1st Depot Batt. M. R.

Breitur herforingi sem Keyes heitir ríðst á flotasíðvar þjóðverja í Zebruggu og Ostend. Hann fór þangað inn með miklu snarandi og sprengdi upp skip og vígi. Vita menn ekki með vissu hversu mikið sprengingin hefur eyðilagt, en það segjast menn hafa séð af loftskipum að það sé allmikið. Keyes hefur hljóð heidurstega fyrir þetta hreystiverk.

Allar líkur virðast benda til þess að Holland sé að dragast inn í stríðið. Raðismaður Hollendinga í Þýskalandi fór þaðan til Hague og raðismaður þjóðverja á Hollandi fór til Berlínar á fimtugadaginn. Var þetta skoðað sem ríkin hefðu slitið með sér hlutleysi, og að í stríð mundi fara milli þeirra. Á föstudaginn lýstu Hollendingar því yfir að þeir settu hann við því að flúti verk-tin, málmblendingu, kinnisalt, o.s.f. frá Hollensku nýlendunum í Austur-Indlandi. Er það líti fyrir Bandaríkinn, því þau þurfa á þessum vörum að halda til stríðsins.

Á Íslandi er móttáða gegn herskyldunni allsvæðir; hafa þar svo að segja allir flokkar sameinast gegn henni, en ákafast þrífur þá prestarnir á móti. Þeir skora á fólk að bindast samtökum gegn herskyldunni, sem þeir segja að sé óguðleg og ókrístleg í alla staði. Herstjórnin hefur tekið á vald sitt allar járnbrautir, talbraði og ömur samgöngufæri á Íslandi.

BITAR.

Talsimi Voraldar er C. 4252

Fjórir tveir og fimm og tveir "fón" hjá Voröld tákna þeir.

Einu sinni var fjórsta stór danskur hundur; allir dádust að því hve stór hann var. Svo rauglaði hund kvikindi ofan á bryggju og álpadist út í sjó. Hann var dreginn upp á bryggjuna og var hann orðinn svo skefílegur lítil; allir töluðu um það hve hraðfílega lítil hann var þegar hann var dreginn upp úr sjónum. Svona er það með stjórnum okkar: fyrir kosningarnar var hún svo fjarskalega skefílega stór, en eftir þær er hún orðinn svo hraðfílega lítil.

Einar Hjörleifsson

"Það er ástandið að halda við íslensku tungu og þjóðerni," hópa menn hver í kapp við annan; og síðar er haldinn fyrirlestur um þetta efni af herðum og vinnslum manna og öllum boðið að hlusta á ókeypis—en svo að segja engir koma. Þetta minnir mann á hann Óla Tromp, sem hélt bindindisræðuna með brennivinsgæði í hendinni.

Strætisvagnafélagið segist ekki hafa í hyggju að hækka fargjöldin, en neitar samt að ganga að samningum við bæinn ef það þyrfi að lofa því að hækka þau ekki. Hver skyldi geta misskilið þetta?

Nonni—"Kennarinn talaði eitt íslenskt orð á sunnudagaskólanum í dag."

Keli—"Hann hefur líklega ekki kunnad enska orðið yfir það sem hann vildi segja."

UPPHAF Á BRÉFI

Með beztu ósk um sælan sumar-dag og sólskin nóg til konunnar og barna, með aðri styrk að breyta hugans hag, því hún er víðsjál gatan löngu farna.

ENDIR Á BRÉFI

Vertu svo snell og segðu sannleikann upp á kraft; ljósmeðul andans eigna, sem af okkur leysa hafi.

—Sigurður Jóhannsson

UM ÚTFARARSTJÓRA

Ragnar snúðna burtu ber, blessun nauða virðir; Ragnar dauða, enginn er allra, sandahirðir.

Eda—

Ragnar dauða burtu ber, blessun nauða virðir; Ragnar: nauða enginn er allra, snauða hirðir.

UM HESTAPRANGARA

Selur þikkju heinskum haus hatur lykkjussúðum. Felur þykkju, lítaus, lyga skikkju búum.

UM HEIMINN

Andar gráði heimur hér, handarbandi svikull. Vandar andi. Bölvum ber brandarjandi hvikull.

—J. Frimann.

Winnipeg.

Þau Ásvaldur G. Isfeld frá Riverton og Dóra Eyjólfsson frá Geydi voru gefin saman í hjónaband í vikunni sem leið af séra Ránólfi Marteinssyni.

Enska blöðin segja þá fætt að John Goodman hafi dáið af slysum í Gladstone fyrra föstudag. Var hann þar við byggingar, steig á lausan plankuenda, féll niður og oeldi bana af.

Ígúnn, móði: Hjálmar Gíslasonar og Steinunn systir hans atla alfarinn heim til Íslands með Gullfossi þegar hann fer heita nesi. Knúsdón, tengdasonur Ingumunar egi í New York í verzlunar erindum og hiðir þeirra mæðgna.

Lieutenant August Oddleifsson, sonur Sigurðar Oddleifssonar, hér í bænum, hefur verið tekið inn fangi af þjóðverjum. Hann var fyrsti maður sem innritaðist í 196 (háskóla) deildina. August var vinsæll mjög í háskólanum og dagandi mannaður. Hann var í London deild þegar hann var hertekinn. Honum líður vel. Fallhúsi-ern í stríðinu Gunnlaugur O. Helgason, kjótsali hér frá Winnipeg og S. G. Lindal. Hinn síðarnefndi féll 15. apríl en hinn fyrri.

Audvaldið vann en fölklið tapaði á borgarstjórnar fundi í gærkvöldi. Strætisvagnafélagið vildi ekki ganga að því að lofa að hækka ekki fargjöld þótt það fengi algert einveldi í flutningum. Þeir sem atkvæði greiddu með félaginu voru: Gray og Wallace (yfírráðsmenn), Cockburn, Fowler, Pulford, Grey, Fisher, Vopni, McLean, Hume og Hamelin; með fólkliðinu greiddu atkvæði: Cockburn og Puttee (yfírráðsmenn), Sparling, Queen, Heaps, Wiginton og McLennan. Með þessu er öllum spílum fleygt í hendur audfélagsins, en réttur fólksins fyrir borð borinn.

Mrs. J. Olafsson frá Leslie, sem hér hefur dvalið um tíma hjá móðir sinni, fór heim aftur í dag.

Fjórir, tveir, fimm og tveir, frjálsa Voröld tákna þeir.

Séra Friðrik J. Bergmann

Við vildum trú: að efinn yrði vissi
Sem ósatt vanti, að þér var dæmt, að falla!
Því hvergi eygðist hætta á þínum vegi,
Alt heioðkara og eftir langt af degi—
Hver framstig hugsjón má við því að missa
Sinn mann í gróf, en hjörtun okkar varla.

Menn gleyma, að reka guðserindi brýnni
En græði og munuð—Skyldur kaustu þyngri,
Þú vanst þá raun, sem raun er allra mesta,
Að rata það sem vícar gæfan besta:
Að verða um frelsi og sannleik ávallt sýnni
Og safna árum góðvitrari og þyngri.

Það mest til klæks, að koma ei vanans leiðar
Í kór og bekk, þar landdómurinn þingar.
Þú kendir þess—Og mér er enn í minni,
Sem misræð spá, að það var einu sinni:
Við gengum þreyttir vestur-byggðir breiðar
Og beiddumst skjóls, en gístum úthýsingar.

En þó er kannske þyngsta raunin eini
Og þrekvandasta: að standa öðrum hærra
Sem fremstar skotþönn fyrir vana sinna
Og flugumanna, þessara og hinna!
Og mest á dáf og drenglund manns að reyna,
Að draga úr höggi en geta slegið sterra.

Og víst þarf hreytti, að bröðkva ei til haka,
Og högvær lund er djörf, þó við þv, ói,
Og von að beig-hug blöskri og af sér vildi:
Að bera út ljós um þetta myrkraríki!
Og víta hverja uglu í augun taka
Og ræpa að manni úr svörtum foyksku-skógi

Í fastri minning framsskinnu og snjallra
Í formanns-heiðri starf og nafn þitt vari!
Á alt sem áttum sundurleitt og saman
Er sætt og þakkað—alvörna og gaman!
Eg finnst til skarðs við auða ræðin allra
Sem áttu rúm á sama aldar-fari.

Eg vinum mínum einnar auðnu beiði:
Góðs eftirmelis! nem það gleði-gegnin—
Að kyndlar brynnu á gæfumanna gröfum
Sem góðvirkir unnu, trúað satt við höfum.
Og það mun blika ljós yfir þínu leiði
Og lýsa, að hnést á slóð um sannleiks-veginn.

18-4-18

Stephan G. Stephansson

"Amrún frá Felli?" heitir íslenskt skáldkona sem ritad hefur art kom til þéjarins í morgun í "Skirni" "Eimreidina" og fleiri vestan frá Saskatoon, þar sem merk rit: Þessi skáldkona hefur hann hefur stundað nám í vetur á skrifad Voröld og lofast til þess kennaraskóla. Einar var á ferð til Oxbow í Saskatchewan þar sem sögld. Er það góður líðsauki og gleðilegur.

Páll Vestdal frá Wynyard kom til þéjarins á sunnudaginn til þess að sækja konu sína sem verið hefur hér um tíma.

Eiríkur Þorbergsson fór norður að Gímlí á þriðjudaginn og dvelur þar nokkra daga til þess að taka gósmýndir. Hann hefur tuttugu ára reynslu í þeirri grein.

Í RÖKKRINU.

Það minn beygir þakann eitt
—því úr vegi hálfur—
ég á eigi-efir neitt
annað en deyja sjálfur.

Þó eg harðan dætti í dór;
drótt um varðar minna;
hún er garði gengin úr,
glögt má skarðið finna.

Bresti strengur brjósti í
burtu geng og hljóður;
nú hef eg fengið nóg af því,
nú er mér enginn góður.

Birgðu ei sunna brosið þitt,
þó braut okunna fari;
lífs nær brunnið leiftrar mitt
ljós í þunnu skari.

J. G. G.

Fréttir.

Herskylda hefur verið samþykkt á þinginu í Nýfundlandi.

20 ára gömul ekkja sem Eva Robinson heitir og mist harðt mann sinn í stríðinu samkvæmt frétt er henni búið, gífurlikt aftur öðrum manni sem kominn var heim. Nú kemur sú frétt að fyrri maður hennar sé á lífi og kominn til Winnipeg.

Blöðin segja þá frétt á laugar-daginn að stjórnið hafi í hyggju að leggja eins per cents toll á allt sem keypt sé ef það ná dals virði og þar yfir.

Samkvæmt skýrslu Wilson's, stjórnaþjófs í Toronto voru eyðilögð 48,010 pund af vistum þar vikuna sem endaði 26. apríl. Vistirnar höfðu verið geymdar þangað til þær voru orðnar óhæfar.

STRÍÐID.

Af brezkum skipum höfðu farist af völdum neðansjávarbáta og öðrum orsökum síðastliðinn mánuð 216,000 smalestir; frá öðrum bandahjódum og hlutlausum þjóð-

um 166,000 smalestir samtals.

Tapid fyrir fyrsta ársfjórðunginn af árinu 1918 var alls 1,124,000 smalestir og áttu Bretar af því 688,000 smalestir, en aðrar bandahjódur 436,000.

Þetta er lagsta tap sem hefur verið á jafni löngum tíma.

Orusturnar á vestur vígvöllum hafa verið afar mann skæðar; er talið áreiðanlegt að af þjóðverjum hafi fallið og særst ekki færri en 800,000 manns.

Á föstudaginn komust þjóðverjar upp á það sem Kemmel heitir, eftir langa og snarpa orustu; höfðu bandamenn þarist víð þá allan fimtugadaginn á 10 mílna svæði frá Hollebeke til Baillieu en urðu loksins að höfva undan; en aftur á móti náðu þeir Villers-Bretonneux aftur sem þjóðverjar höfðu áður tekið.

Churchill lýsti því yfir í þingi Breta á fimtugadaginn að í síðast liðnum fimm vikur hefðu Bretar tapað nálega 1,000 byssum og milli fjögur og fimm þúsund véla-byssum og eins miklum skotfærum og framleidd hefðu verið tveir vikur. En þrátt fyrir þetta sagði hann að fyllt hefði verið skórin fyrir allt þetta.

Á fimtugadaginn tóku þjóðverjar bæinn Hangard sem er suðaustur af Amiens.